

## REGLUGERÐ

### um breyting á byggingarreglugerð nr. 441/1998.

#### 1. gr.

Lokamálsliður greinar 37.4. orðast svo: Skal slík staðfesting liggja fyrir áður en byggingarleyfi er gefið út.

#### 2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 37. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 öðlast þegar gildi.

*Umhverfisstjórnuneytinu, 21. desember 2001.*

F. h. r.

**Magnús Jóhannesson.**

*Ingimar Sigurðsson.*

## REGLUR

### um Bókmenntakynningarsjóð.

#### 1. gr.

Hlutverk Bókmenntakynningarsjóðs er að stuðla að sem víðtækastri kynningu á íslenskum bókmenntum erlendis og greiða fyrir útgáfu þeirra með því að úthluta þýðingarstyrkjum, hafa umsjón með þátttöku Íslands í erlendum menningarviðburðum og alþjóðlegum samskiptum á sviði bókmennta.

#### 2. gr.

Til þess að gegna hlutverki sínu skal Bókmenntakynningarsjóður, eftir því sem fjárheimildir leyfa:

Veita þýðendum íslenskra bókmennta á önnur tungumál ferðastyrki til að heimsækja Ísland og standa að ráðstefnum og vinnufundum þýðenda hér á landi.

Veita íslenskum rithöfundum ferðastyrki til að kynna verk sín erlendis.

Láta vinna kynningarefni á erlendum tungumálum.

Hafa umsjón með kynningu íslenskra bókmennta á erlendum bókmenntahátíðum og vera í samstarfi við sambærilegar stofnanir erlendis.

Halda úti tölvugagnabanka til hagræðis fyrir kynningarstarf sitt innan lands og utan og semja um aðgang að gagnabönkum sem tengjast verkefnum sjóðsins.

#### 3. gr.

Tekjur sjóðsins eru árleg fjárveiting á fjárlögum og aðrar tekjur er sjóðnum kunna að hlotnast.

#### 4. gr.

Menntamálaráðherra skipar sjóðnum þriggja manna stjórn. Einn skal tilnefndur af Rit höfundasambandi Íslands, einn af Félagi íslenskra bókaútgefenda, en formaður skal skip-